

Fréttabréf FIT Félags iðn- og tæknigreina. Ábm. Hilmar Harðarson 2. tbl. 3. árg. mars 2005

# Aðalfundur Félags iðn- og tæknigreina

## Laugardaginn 2. apríl 2005

**Aðalfundur Félags iðn- og tæknigreina (FIT) verður haldinn laugardaginn 2. apríl 2005 kl: 10-13 í Agoges-salnum Sóltúni 3, Reykjavík**

Dagskrá:

1. Skýrsla félagsstjórnar um starf félagsins á liðnu starfsári.
2. Endurskoðaðir reikningar lagðir fram til afgreiðslu.
3. Ákvarðanir um ávoxtun sjóða félagsins.

4. Ákvörðun um félagsgjald fyrir næsta starfsár

5. Lagabreytingar, tillaga stjórnar FIT.  
Í staðinn fyrir tréskipasmíði, komi skipasmíði.

6. Breyting á reglugerð félagssjóðs.  
Í stað þess að 50% af hagnaði renni til vinnudeilusjóðs komi: 25% af hagnaði renni til vinnudeilusjóðs og 25% af hagnaði renni til fræðslusjóðs.
7. Kjöri stjórnar, trúnaðarráðs og samninganefndar, kjörstjórnar, uppstillinganefndar og skoðunarmanna reikninga lýst.
8. Önnur mál.

Veitingar í boði félagsins.

**Félagið veitir ferðastyrk til þeirra félaga sem búa í meira en 40 km fjarlægð frá fundarstað.**

## Laga- og reglugerðarbreytingar

Fyrir aðalfundi liggur tillaga til lagabreytinga, en farið var fram á að félagið felldi úr lögum sínum orðið tréskipasmíði í upptalningu á starfsheitum, en í staðinn komi skipasmíði. Sjálfsagt þykir að verða við þessari ósk þar sem skipasmíði er mun víðtækara orð.

Mikið hefur verið þrýst á stjórn FIT að hækka styrki til félagsmanna vegna námskeiða. Í reglugerðarbreytingu er lagt til að efla fræðslusjóð verulega með því að tryggja honum 25% af hagnaði félagssjóðs, en lækka hlutdeild vinnudeilusjóðs að sama skapi. Lagt er til að breytingin verði afturvirk svo hægt verði að hækka námsstyrki á þessu ári.

# Trúnaðarmannanámskeið apríl 2005



## Trúnaðarmannanámskeið 1 Apríl 2005

Félag járnþáðarmanna – Trésmiðafélag Reykjavíkur – Félag iðn- og tæknigreina



Dagur Tími	Þriðjudagur 5. apríl	Miðvikudagur 6. apríl	Þriðjudagur 12. apríl	Miðvikudagur 13. apríl	Þriðjudagur 19. apríl
09.00 – 12.00	Vinnumarkaðurinn og skipulag verkalýðshreyfingar- innar	Trúnaðarmaðurinn starf og staða	Að tjá sig fyrir framan hóp	Vinnuvernd	Vinnuréttur
12.00 – 13.00	Matur	Matur	Matur	Matur	Matur
13.00 – 14.00	Trúnaðarmaðurinn starf og staða	Trúnaðarmaðurinn starf og staða	Samskipti á vinnustað	Kjarasamningurinn	Kjarasamningurinn og starfsemi félaganna
14.00 16.00		Haukur Harðarson			

Námskeiðsstæður: Húsnaði félaganna – Borgartún 30



## Fréttabréf

Félag iðn- og tæknigreina  
Borgartúni 30 - Sími 535 6000  
**Ábyrgðarmaður**  
Hilmar Harðarson.  
2. tbl. 3. árg. mars 2005  
**Hönnun og prentun:**  
Stafræna prentsmiðjan -  
[www.smidjan.is](http://www.smidjan.is)

## Út í bláinn

Vegna páskahelgarinnar var mars ferðinni flýtt og var hún farin þann 19. mars. Aprílferðin 2005 verður sunnudaginn 24. apríl. Þessar ferðir eru mjög skemmtilegar og öll fjölskyldan getur tekið þátt. Farið er frá Borgartúni 30 kl. 13:00 með rútu eitthvað í nágrenni Reykjavíkur og stoppað á áhugaverðum stað til að skoða. Síðan er gengið létt göngu í u.p.b. klukkustund áður en lagt er af stað til baka. Hverri ferð er lokið með kaffi og kleinum. Allt í boði félagsins

## Bridge

Bridge er spilað annan hvern fimmtudag í Borgartúni 30. Nánari upplýsingar um bridgekvöldin fást á þjónustuskrifstofunni, s: 535 6000.

# Á meðan stjórnvöld sofa

Síðustu misseri hefur í auknum mæli borið á því að erlent vinnuafli sé ráðið til starfa í byggingariðnaði. Við þessu væri lítið að segja ef eingöngu væri um að ræða fagfólk með öll tilskilin réttindi. Því miður er það ekki svo og fjöldi ábendinga um að réttindalaust og ólöglegt vinnuafli starfaði í byggingariðnaði á höfuðborgarsvæðinu varð til þess að nokkur félög, þar á meðal Fit, ákváðu að gera úttekt á málinu.

Ráðinn var sérstakur starfsmaður tímabundið og er hlutverk hans að heimsækja fyrirtæki og vinnustaði og skrá fjölda starfsmanna og sundurliða eftir fagmenntun og kanna fjölda íslenskra aðstoðarmanna og erlendra starfsmanna. Niðurstöður eftir 3ja mánaða starf eru uggvænlegar. Heimsóttir hafa verið 107 vinnustaðir í 6 iðngreinum með um 800 starfsmenn. Einungis tæp 65% starfsmanna reyndust vera iðnlærðir eða nemar, sem segir okkur að um 35% eru ófaglærðir. Við hljótum að kalla eftir ábyrgð byggingarstjóra og byggingameistara. Eru þessir aðilar meðvitaðir um þá ábyrgð sem þeir bera lögum samkvæmt? Iðngreinar eru löggiltar og því lögbrot að láta

ófaglærða vinna lögvernduð störf. Geta þeir verið bótaskyldir síðar meir á grundvelli þess að hafa ekki farið að iðnaðarlögum?

Eitt af því sem skeður þegar vinnuafli frá erlendum starfsmannaleigum flæðir yfir okkur er að öll samkeppnisástaða raskast. Glöggt dæmi um slíkt má í dag merkja í blikksmíði, þar sem hlutur íslensks vinnuafls hefur stór minnkað og fyrirtæki sem byggir á vinnuafli frá starfsmannaleigum í Portúgal undirbjóða markaðinn. Enginn nemi innritaðist í blikksmíði á þessari önn og ljóst að íslensk ungmenni líta svo á að engin framtíð sé í því að nema blikksmíði. Afleiðingarnar eru augljósar. Laun munu lækka og íslenskir blikksmíðir munu brátt heyra sögunni til nema allir hagsmunaaðilar taki höndum saman með FIT og snúi þessari öfugþróun við.

ENN eitt atriðið sem vert er að nefna er það tap sem bjóðarbúið verður fyrir þegar erlent vinnuafli er hér á svörtum markaði eða á vegum starfsmannaleiga. Þetta fólk er ekki að greiða skatta og skyldur til ríkisins og ljóst að um mikla fjármuni

er að ræða. Stjórnvöld þessa lands virðast ekki hafa getu eða áhuga að uppræta þennan þjófnað því að í nokkur ár hafa legið fyrir kærur á einstök fyrirtæki en undirlægjuhátturinn gagnvart erlendum starfsmannaleigum er slíkur að stjórnvöld dansa bara í kringum ósómann og reyna að réttlæta ástandið fremur en hitt.

Steininn tók þó úr um daginn þegar í ljós kom að fara á með viðgerð á varðskipunum úr landi. Önnur ríki gera allt sem mögulegt er til að halda vinnu innan sinna landamæra og beita til þess ýmsum brögðum, t.d. að gefa tilboðsgögn út á móðurmálinu en ekki á ensku. Engu er líkara en gleymst hafi að kynna það fyrir Ríkiskaupum að Ísland er frjálast og fullvalda ríki og það er þjóðfélaginu mikilvægt að vinnu og fjármunum sé haldið í íslensku hagkerfi. Verði verkið unnið á Íslandi, skilar það miklum óbeinum tekjum í formi skattgreiðslna þeirra sem vinna verkið. Gaman væri einnig að vita hvort kostnaður vegna siglinga skipanna, glataðar vinnustundir því tengdar og ferðakostnaður vegna eftirlits hefur verið reiknaður inn í tilboðið.

## Samþykkt Samiðnar frá 15. mars um viðgerðir á Ægi og Tý

Miðstjórn Samiðnar lýsir yfir miklum vonbrigðum með ákvörðun Ríkiskaupa um að hafna tilboði Slippstöðvarinnar í viðgerðir á Ægi og Tý og taka pólsku tilboði, þar sem munurinn á tilboðunum var óverulegur.

Ákvörðunin lýsir fyrst og fremst metnaðarleysi íslenskra stjórnvalda fyrir hönd íslensks iðnaðar og skort á vilja til að halda verkefnum í skipaiðnaði í landinu.

Miðstjórnin bendir á að ekki liggi

fyrir að þurft hafi að bjóða verkefnið út á EES. Einnig vill miðstjórn benda á að aðrar bjóðir beita ýmsum leiðum til þess að halda mikilvægum verkefnum í landi þrátt fyrir tilvist samningsins.

Miðstjórnin lýsir yfir ánægju sinni með að íslenskur skipaiðnaður skuli standast erlend tilboð frá löndum sem hafa aðgang að ódýru vinnuafli eins og tilboð Slippstöðvarinnar sýnir. Einnig bendir fundurinn á að í samanburðinum hefur ekki verið tekið tillit til

þess óbeina hagnaðar sem kemur til ef verkið er framkvæmt hér á landi.

Miðstjórn Samiðnar skorar á fjármálaráðherra, dómsmálaráðherra og iðnaðarráðherra að beita sér fyrir því að ákvörðun Ríkiskaupa um að taka hinu pólsku tilboði verði endurskoðuð og tryggja að viðgerðir á Ægi og Tý fari fram í íslenskum skipasmíðastöðvum.

Miðstjórn hvetur alla aðila sem málíð snertir að taka höndum saman til að tryggja farsæla niðurstöðu í þessu málí.

# Launakönnunin

Þátttaka félagsmanna í launakönnun félagsins sem opnuð var á heimasíðu félagsins og send út með síðasta fréttabréfi olli vonbrigðum. Til þess að vera marktæk þarf þátttaka að vera það góð að hún endurspegli heildina. Nokkuð vantar enn uppá að svo sé varðandi okkar könnun. Það eru hogsmunir félagsmanna að fyrir liggi sem áreiðilegar upplýsingar um kaup og kjör svo hægt sé að sjá hvar söknarfærin eru. Ákveðið hefur verið að fram lengja skilafrestinn til 30. mars. og láta reyna á það til hlítar hvort ekki fást marktækjar niðurstöður.

**Ef þú félagi góður ert ekki búinn að taka þátt þá er tækifærið núna! Svona gerir þú:**

Ferð inn á [www.fit.rl.is](http://www.fit.rl.is) smellir á bordann þar sem stendur launakönnun

Setur inn aðgangsorð, það er á félagsskírteininu

Fyllir út könnunina.

**Gangi þér vel**



## Leiðbeiningar með umsókn um orlofshús

- Skyggðir fletir tákna að húsið/tjaldvagninn er ekki í útleigu.
- Fjöldi punkta í frádrátt kemur fram fyrir neðan töfluna.
- Vikuverð á húsi er kr. 16.000 og tjaldvagni kr. 12.500.
- Tjaldvagnar eru leigðir frá föstudagi til fimmtudags.
- Ef umsóknin er send í pósti þarf að tryggja að hún berist í tæka tíð.
- Hægt er að sækja um á heimasíðu FIT [www.fit.rl.is](http://www.fit.rl.is).

**Umsóknir þurfa að hafa borist skrifstofu  
eigi síðar en 30.mars.**

**sjá nánar á [www.fit.rl.is](http://www.fit.rl.is)**

# FÉLAG IÐN- OG TÆKNIGREINA (FIT)

Borgartúni 30 – 105 Reykjavík [www.fit.rl.is](http://www.fit.rl.is)



Simi 5356000 - Fax 5356020 - Tölvupóstur v/orlofshúsa [thskrif@samidn.is](mailto:thskrif@samidn.is)

## UMSÓKN UM DVÖL Í ORLOFSHÚSI SUMAR 2005

UMSÓKNIR ÞURFA AÐ HAFA BORIST FYRIR 30. MARS

Nafn		Kennitala	
Heimili		Póstnúmer	
Vinnustaður		Simi (gsm)	

Hér fyrir neðan er gefinn kostur á að sækja um alit að 6 valmöguleika. Merkið með tölunni 1 sem fyrsta valkost en 2, 3, 4 o.s.frv. til vara.

Víka nr.	→	1	2	3	4	5	6	7	8	9	10	11	12
Upphafsdagur	→	3. júní	10. júní	17. júní	24. júní	1. júlí	8. júlí	15. júlí	22. júlí	29. ágúst	5. ágúst	12. ágúst	19. ágúst
Lokadagur	→	10. júní	17. júní	24. júní	1. júlí	8. júlí	15. júlí	22. júlí	29. ágúst	5. ágúst	12. ágúst	19. ágúst	26. ágúst
Klifabotn	A 21												
Akureyri	N												
Smárahlíð 16e	11												
Akureyri	N												
Furulundur 10e	41												
Akureyri	N												
Furulundur 6L	40												
Akureyri	N												
Borgarhlíð 5c	42												
Brekkuskógar nr. 8 og 10	S 31												
Ölfusborgir	S 11												
Hallskot Fljótshlíð	S 21												
Svignaskarð	V 11												
Skorradalur nr. 17 og 17a	V 23												
Skorradalur nr. 40	V 23												
Vogur á Mýrum	V 51												
Stóra Hof	S 41												
Stykkishólmur	V 31												
Úthlíð	S 51												
Illegastaðir	N 21												
Húsafell Birkilundur 2 og 3	V 61												
Húsafell Kiðárbotnar 1	V 61												
Tjaldvagnar (18 punktar)	A 10												

26 punktar

36 punktar

26 punktar

Hægt er að sækja um á heimasíðu FIT [www.fit.rl.is](http://www.fit.rl.is).

# FÉLAG IÐN- OG TÆKNIGREINA (FIT)

Borgartúni 30, 105 Reykjavík      [www.fit.rl.is](http://www.fit.rl.is)  
Sími 535 6000 - Fax 535 6020



## UMSÓKN UM DVÖL Í ORLOFSHÚSI Á SPÁNI SUMAR 2005

### UMSÓKNIR ÞURFA AÐ HAFA **BORIST FYRIR 30. MARS**

Umsóknir sendist til Félag iðn- og tæknigreina, Borgartúni 30, 105 Reykjavík  
Fax 5356020 Sími 5356000 Tölvupóstur: thskrif@samidn.is

Nafn		Kennitala	
Heimili		Póstnúmer	
Vinnustaður		Sími (gsm)	

Hér fyrir neðan er gefinn kostur á að sækja um allt að 6 valmöguleika, annars vegar í Calpe og hins vegar í Torrevieja. Merkið með tölunni 1 sem fyrsta valkost en 2, 3, 4 o.s.frv. til vara. Skyggðir reitir merkja að íbúðin er upptekin.

Calpe

<i>Upphafsdagur</i>	→	26. maí	9. júní	23. júní	7. júlí	21. júlí	4. ágúst
<i>Lokadagur</i>	→	9. júní	23. júní	7. júlí	21. júlí	4. ágúst	18. ágúst
Calpe	U40						

Torrevieja

<i>Upphafsdagur</i>	→	25. maí	8. júní	22. júní	6. júlí	20. júlí	3. ágúst	17. ágúst
<i>Lokadagur</i>	→	8. júní	22. júní	6. júlí	20. júlí	3. ágúst	17. ágúst	31. ágúst
Torrevieja	U 30							



### Torrevieja á Spáni

Verð fyrir íbúð í Torrevieja er kr. 55.000 (lokaþrif innifalin).

Íbúðin í Torrevieja er einungis leigð til tveggja vikna í senn.

Flogið er til Spánar (Alicante) á miðvikudögum á vegum Sumarferða.

Verð fyrir flug til Alicante með Sumarferðum er kr. 26.900. Verð fyrir börn yngri en 2ja ára er kr. 5.000. Flugvallarskattur og önnur gjöld eru innifalin í verðinu.


Sjá nánar á [www.fit.rl.is](http://www.fit.rl.is)

### Calpe á Spáni

Calpe á Spáni er nýr valkostur fyrir félaga FIT í samstarfi við Sumarferðir hf

Gist er í íbúðarhótelinu Amatista Apts og einungis leigt til tveggja vikna í senn.

Íbúðirnar eru einungis 30 m frá ströndinni og ýmist með einu eða tveimur svefnherbergjum. Félagið greiðir ferðina niður um 15.000 kr. á hverja bókun.



Sjá nánar á [www.sumarferdir.is](http://www.sumarferdir.is)

# Ráðningarsamningar

## Veistu hvað þú ert að skrifa undir?

Inn á borð Félags iðn- og tækni-greina hafa borist kvartanir frá félagsmönnum vegna krafna sumra atvinnurekenda um að þeir skrifí undir ráðningarsamninga er hafi að geyma ýmis sérstök og óhefðbundin samningsákvæði.

Eins og kunnugt er hefur kjarasamningur félagsins að geyma reglur um skyldu atvinnurekanda til að gera skriflegan ráðningarsamning við starfsmenn sína. Efni slíkra samninga er með hefðbundnu sniði, þ.e. tilgreina ber heiti aðila ráðningarsamningsins, starfstöð, starfshlutfall og vinnutíma, laun o.s.frv. Félagið styður eindregið að atvinnurekendur haldi sig við þessa gerð samninga.

Dæmi eru hins vegar um atvinnurekendur sem hafa krafist þess af starfsmönnum sínum að þeir riti undir nýja tegund ráðningarsamninga, sem m.a. hafa haft að geyma yfirlýsingu þess efnis að komi til starfsloka muni þeir ekki hefja störf hjá samkeppnisáðilum eða eftir atvikum ekki stofna sjálfr til atvinnurekstrar í samkeppni við sinn fyrri atvinnurekanda. Dæmi eru um að slíkir samningar bindi starfsmenn í allt að 1 ár eftir starfslok.

Að mati lögmanni FIT skerða slík ákvæði atvinnufrelsi launamanna sem nýtur verndar stjórnarskrárinna. Ber að túlka heimildir atvinnurekenda að þessu leyti þróngt. Í 75. gr. stjórnarskrárinna segir orðrétt:

„Öllum er frjálst að stunda þá atvinnu sem þeir kjósa. Þessu frelsi má þó setja skorður með lögum, enda krefjist almannahagsmunir þess.“

Að mati FIT er ekki ástæða fyrir félagsmenn FIT að undirgangast slíka skerðingu á atvinnufrelsi sínu nema í hlut eigi félagsmenn í stjórnunarstöðum og aðrir þeir sem hafi aðgang að viðkvæmum viðskiptaupplýsingum sem óum-deilt er að nýst geti samkeppnisáðilum til skaða fyrir atvinnu-

rekanda. Þá verði slík ákvæði að vera mjög skýr að efni til og gildistími þeirra skammvinnur og laun séu greidd á skerðingartíma. Bent er á að hefðbundnar yfirborðanir sem félagsmenn þekkja vel réttlæta ekki einar og sér að þeir undirgangist skerðingu á atvinnufrelsi sínu.

Þá eru dæmi þess að atvinnurekendur áskilji sér rétt til að krefja starfsmenn um endurgreiðslu á útlögðum kostnaði vegna námskeiða sem þeir hafa verið sendir á. Ef atvinnurekandi hefur lagt út verulegar fjárhæðir í þessu skyni þá er ekki óeðlilegt að hann geri kröfu um að starfsmaður vinni tiltekinn tíma hjá honum að loknu námskeiði en endurgreiði ella að hluta þennan kostnað. Setja verður slíkum heimildum atvinnurekenda sérstakar takmarkanir m.a. um það hve lengi starfsmenn skuli vera bundnr af slíkum ákvæðum og hvaða reglur skuli gilda um útreikning slíkrar endurgreiðslu. Ef starfsmanni er sagt upp er eðlilegt tryggja það að slíkar kvaðir falli úr gildi.

Að mati FIT á þetta þó ekki við um námskeið sem félagsmenn FIT sækja, hér heima eða erlendis, sem atvinnurekanda ber að senda þá á vegna sérstakra tengsla hans við þann aðila sem stendur fyrir námskeiðinu s.s. erlenda bílaframleiðendur. Öll almenn endurmenntunarnámskeið eiga að sjálfssögðu heldur ekki að falla undir neinar kvaðir.

Nokkur dæmi eru um að atvinnurekendur setji inn sérstök samningsákvæði um að starfsmönnum sé óheimilt að upplýsa um laun og önnur starfskjör sín og segi að launakjör beri að skoða sem algert trúnaðarmál milli fyrirtækis og starfsmanns og sé starfsmanni óheimilt að ræða kjör sín við aðra starfsmenn eða utankomandi aðila. Slíkir samningar innihalda þá gjarnan ákvæði sem segja að brot á



Hilmar Harðarson, formaður Fit.

þessari þagnarskyldu varði fyrirvaralausum brottrekstri. Af hálfu FIT hefur slíkum samningsákvæðum verið mótmælt harðlega við viðkomandi atvinnurekendur. Bent er á að félagsmönnum FIT er fullkomlega heimilt að ræða um laun sín og önnur starfskjör við trúnaðarmenn stéttarfélagsins á vinnustað og við forsvarsmenn síns stéttarfélags. Þá er þeim heimilt að veita upplýsingar um sín launakjör í launakönnunum sem FIT stendur reglulega fyrir.

Þetta gildir um þau kjör sem félagsmönnum FIT eru tryggð með kjarasamningi, vinnustaðasamningi og öðrum samningum sem þeir eru aðilar að, þ.m.t. ráðningarsamningi. Verða félagsmenn FIT ekki bundnr þagnarskyldu um þessi atriði.

FIT leggur á að það mjög ríka áherslu að félagsmenn haldi vöku sinni í þessum málum. Geri atvinnurekandi kröfu um að ráðningarsamningi starfsmanns sé breytt á þann veg að sett séu í hann sérstök og óvanaleg samningsákvæði þá mælir FIT eindregið með því að hlutaðeigandi félagsmaður hafi samband við skrifstofu félagsins og óski eftir aðstoð eða milligöngu félagsins gagnvart atvinnurekanda.




# KOSTIR SÉREIGNARSPARNAÐAR SAMEINAÐA LÍFEYRISSJÓÐSINS ERU ÓTVÍRÆÐIR

**Sameinaði lífeyrissjóðurinn** er öflugur og óháður lífeyrissjóður sem býður upp á hagstæðan séreignarsparnað sniðinn að þörfum hvers og eins. Eftirfarandi tvær leiðir eru meðal annars í boði.


## Aldursleið

Í aldursleið Sameinaða lífeyrissjóðsins er inneign ávöxtuð í verðbréfasafni sem tekur mið af aldrí. Inneignin flyst sjálfkrafa á milli leiða eftir aldri einstaklingsins. Áhættudreifing er innbyggð og felst í því að hlutfall hlutabréfa lækkar eftir því sem sjóðfélaginn eldist en hlutfall skuldabréfa hækkar að sama skapi. Verðbréfasafn með háu hlutfalli hlutabréfa hentar vel fyrir unga sjóðfélaga því iðgjöld þeirra eiga eftir að ávaxtast í langan tíma.



## Skuldabréfaleið

Sameinaði lífeyrissjóðurinn býður upp á skuldabréfaleið þar sem fjárfest er að fullu í innlendum, verðtryggðum skuldabréfum sem bera fasta vexti. Þessi leið hentar þeim vel sem vilja verðtryggja sparnaðinn og taka litla sem enga áhættu. Sveiflur í ávöxtun eru litlar í skuldabréfaleiðinni.



Reiknivélin á [www.lifeyrir.is](http://www.lifeyrir.is) gerir öllum kleift að reikna séreignarsparnað út frá sínum forsendum.



Skráðu þig strax í Sameinaða lífeyrissjóðinn, það borgar sig!

Fáðu nánari upplýsingar á vefsíðu okkar, [www.lifeyrir.is](http://www.lifeyrir.is), eða í síma 510 5000.